

Landbúnaðarráðuneyti
Hákon Sigurgrímsson
Sölvhólsögötu 7
150 Reykjavík

12. ágúst 2003
Tilvísun: UST20030700070/tb

Efni: Innflutningur á lamadýrum

Vísað er í bréf frá landbúnaðarráðuneytinu, dags. 7. júlí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar vegna umsóknar um að fá að flytja til landsins lamadýr, *Lama glama*. Í greinargerð með umsókninni er rakin ástæða þess að farið er fram á að flytja inn lamadýr og einnig er á faglegan hátt fjallað um helstu atriði sem geta skipt máli við umfjöllun um innflutning dýranna.

Almenn umfjöllun:

Umhverfisstofnun hefur farið yfir innsend gögn. Stofnunin telur ekki að lamadýr geti haft bein áhrif á íslenskar dýrategundir með því að blandast þeim. Lamadýr geta hugsanlega borið til landsins sjúkdóma sem gætu borist í búfé en það er á höndum Yfirdýralæknisembættisins að taka afstöðu til þess þáttar.

Eins og fram kemur í greinargerð með umsókninni eru lamadýr grasbítar en nýta sér einnig laufblöð. Óvíst er því hvaða áhrif lamadýr hefðu í íslenskri náttúru, svo sem í náttúrulegum birkiskógum, eða á t.d. skógræktarsvæðum ef þau gætu lifað hér villt.

Lamadýr er tiltölulega stór dýr og auðfinnanleg og á því að vera auðvelt að halda stofninum í skefjum eða fella hann með öllu ef upp koma þær aðstæður að ástæða er talin til þess.

Umhverfisstofnun fer með umsjón friðlýstra svæða þ.m.t. þjóðgarða. Engin afstaða hefur verið tekin til þess, innan Umhverfisstofnunar, að nota lamadýr sem burðardýr á friðlýstum svæðum, sjá umfjöllun í greinargerð. Þó má gera ráð fyrir að það samrýmist betur 1. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd að nota íslenska hestinn sem burðardýr, á „gamla“ mátann, á Íslandi, þar sem ekki má nota vélknúin farartæki. En íslenski hesturinn er órjúfanlega tengdur menningarsögu landsins. Vissulega hefur það komið fyrir að stórir hópar hesta hafa valdið töluverðum landspjöllum en strangar reglur gilda um hestaferðir í þjóðgörðum.

Niðurstaða:

Umhverfisstofnun telur að íslenskri náttúru stafi ekki bein hættu af innflutningi lamadýra og að tiltölulega auðvelt sé að hefta útbreiðslu dýranna sé það talið nauðsynlegt. Ekki kemur fram í innsendum gögnum hvort að tegundin geti þrífist vel á Íslandi séð í ljósi laga um dýravernd.

Umhverfisstofnun telur að vel megi reka vistvæna útivist/ferðamennsku á Íslandi án lamadýra og að það eitt réttlæti ekki innflutning þeirra. Stofnunin hefur ekki tekið afstöðu til notkunar lamadýra á friðlýstum svæðum.

Umhverfisstofnun metur ekki hvort landbúnaði geti stafað hættu af innflutningi tegundarinnar vegna sjúkdóma eða annars.

Umhverfisstofnun leggst ekki gegn innflutningi lamadýra fyrir sitt leyti á þeim forsendum að stofnunin telur ólíklegt að tegundin geti haft mikil áhrif á íslenska náttúru. Stofnunin telur þó að strangar reglur verði að gilda um hvernig nota megi lamadýr og að óheimilt verði að sleppa þeim villtum í íslenska náttúru. Umhverfisstofnun telur ekki sérstaka þörf fyrir innflutning lamadýra til að stuðla að vistvænni útivist/ferðamennsku. Umhverfisstofnun bendir á að alltaf verður að fara varlega við innflutning nýrra tegunda vegna hættu á að sjúkdómar berist til landsins.

Virðingarfyllt,

Trausti Baldursson
Sviðsstjóri/fagstjóri

Árni Bragason
Forstöðumaður